

SAMÞYKKT

um hundahald í Vestmannaeyjabæ.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Hundahald í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyjabæjar skal sæta þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Vestmannaeyjum annast hundaeftirlitsmenn í umboði bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og geta þeir leitað aðstoðar lögreglu, ef þeir telja að dýrið sé hættulegt umhverfi sínu og/eða eigandi eða umráðamaður dýrsins tálmar störfum þeirra samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að slíkt sé nauðsynlegt. Hundaeftirlitsmenn starfa undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf.

3. gr.

Sækja skal um leyfi til hundahalds á skrifstofu umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar á þar til gerðu eyðublaði. Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar gefur út umbeiðinguleyfi enda sé skilyrðum og ákvæðum samþykktar þessarar sem og öðrum lögum fullnægt og fær eigandi númeraða plötu sem ávallt skal vera í ól um háls dýrsins.

4. gr.

Leyfishafi skal greiða leyfisgjald vegna hundahalds síns og rennur leyfisgjaldið til bæjarsjóðs. Gjaldið skal ákveðið í gjaldskrá sem bæjarstjórn Vestmannaeyja setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar og í samræmi við ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Við ákvörðun leyfisgjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar, rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

Bæjarstjórn lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

Leyfisgjaldið skal í fyrsta sinn greitt við skráningu dýrsins og síðan árlega fyrirfram 1. febrúar ár hvert. Hafi leyfið ekki verið greitt á eindaga fellur það úr gildi.

Í gjaldskránni skal sömuleiðis ákveðið hvert handsömunargjald, sbr. 6. gr. þessarar samþykktar, skuli vera.

Undanþegnir leyfisgjaldi samkvæmt samþykkt þessari eru hundar sem notaðir eru til leitar og björgunarstarfa, sem og hundar sem samkvæmt læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

Halda skal skrá yfir alla hunda í sveitarfélaginu. Skráin skal vera aðgengileg fyrir lögreglu, heilbrigðisnefnd, umhverfis- og skipulagsráð og hundaeftirlitsmenn í Vestmannaeyjum.

II. KAFLI Hundahald.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem lögheimili eiga í Vestmannaeyjum leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

1. Leyfið skal bundið við nafn og heimilisfang einstaklings og er óheimilt að framselja það.
2. Verði breytingar á dvalarstað leyfishafa, drepist hundurinn eða flytjist frá Vestmannaeyjum, ber leyfishafa að tilkynna slíkt til umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar.
3. Sækja skal um leyfi fyrir hvolpa áður en þeir verða 3ja mánaða gamlir.
4. Nýgotnar tikur og 3 – 4 vikna hvolpar skulu spóluormahreinsaðir sérstaklega samkvæmt leiðbeiningum dýralæknis. Hundeigandi skal framvísa vottorði um spóluormahreinsun við skráningu hundsins.
5. Um hundahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Við skráningu hunds eða við tilkynningu um nýjan dvalarstað skal leggja fram skriflega staðfestingu allra umráðamanna íbúða hússins á samþykki þeirra, auk eiganda viðkomandi húsnæðis, sé um leiguhúsnæði að ræða. Þegar hús skiptist í aðgreinda hluta nægir samþykki þeirra eigenda sem hafa sameiginlegan inngang, stigagang eða annað sameiginlegt húsrými.
6. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum. Vottorð um ábyrgðartrygginguna skal liggja fyrir við greiðslu og umsókn leyfis, þá skal leyfishafi framvísa vottorði þess efnis við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
7. Hundar skulu færðir árlega til hreinsunar sem fram fer í samræmi við reglugerð um ormahreinsun hunda nr. 837/1999 og 56. gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002. Vottorð um fyrrgreinda hreinsun skal liggja fyrir við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
8. Hundurinn má aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Gæta skal þess að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna. Umráðamönnum hundsins er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
9. Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirfarandi svæðum: Opnu svæði fyrir hunda á Haugasvæðinu
10. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki dvelja lengur í Vestmannaeyjum en 2 vikur án leyfis fulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Ákvæði samþykktar þessarar ná yfir slíka hunda þegar við á.
11. Óheimilt er að vera með fleiri en 3 hunda á hverju lögheimili. Framvísa þarf leyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 1077/2004 um gæludýr og dýrahald í atvinnuskyni ef um ræktun, verslun, tamningu o.fl. skv. 20. gr. reglugerðarinnar er að ræða.
12. Eigandi eða umráðamaður hunds skal auðkenna hann varanlega með húðflúri eða örmerki skv. nánari ákvörðun Vestmannaeyjabæjar.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utandyra skulu hundaeftirlitsmenn handsama og færa til geymslu bæjarins. Sama gildir um hættulega og óleyfilega hunda. Kostnaður við töku, geymslu og fôðrun hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað, þó skv. 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004. Aðra hunda, s.s. ómerkta hunda er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu

Vestmannaeyjabæjar, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum skv. 8. gr. framangreindrar reglugerðar, án frekari fyrirvara.

7. gr.

Ekki er leyfilegt að hafa hunda í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum eða öðrum þeim stöðum sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti, nr. 941/2002, í matvælafyrirtækjum samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, nr. 522/1999, með síðari breytingum, eða við vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur. Ekki er heimilt að hafa hunda á eftirtöldum stöðum: Herjólfssdal, Stakkagerðistúni, Skanssvæði, útivistarsvæðum sem ætluð eru almenningi, leikvöllum Vestmannaeyjabæjar og lóðum stofnana. Þá er óheimilt að hafa hunda á opinberum viðburðum í Vestmannaeyjum.

III. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

8. gr.

Brjótí leyfishafi gegn ákvæðum samþykktar þessarar, öðrum reglum eða lögum, sem sett eru um hundahald, getur bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar afturkallað leyfi hlutaðeigandi. Þá er bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, sé þess þörf. Rísi ágreiningur út af framkvæmd samþykktarinnar er heimilt að vísa málinu til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Að öðru leyti ber gæludýraleyfishafa að fara eftir ákvæðum í reglugerð um nr. 1077/2004 um gæludýr og dýrahald í atvinnuskyni.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum. Með brot gegn samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Vestmannaeyjum nr. 248/1994.

Umhverfisstjórnuneytinu, 9. janúar 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.